Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Eldri nemendur

Jólabarnið

Magnús Pétursson/Jóhannes úr Kötlum

Sko hvernig ljósin ljóma,
á litlu kertunum þínum.
- Þau bera hátíð í bæinn
með björtu geislunum sínum.

Þú finnur ilminn af ýmsu,
svo ósköp fallegu´ og góðu.s
Og jólagjafirnar glitra
í gegnum töfrandi móðu.

Þú brosir er loginn blaktir
á bláum kertum og rauðum.
Öll þín óspillta gleði
yljar ríkum sem snauðum.

Þú flýtir þér út í fjárhús,
þér finnst nú óþarft að hræðast.
Það grætur yndislegt ungbarn
sem áðan var þar að fæðast.

Þess foreldrar feimin bíða
í fátækt og miklum vanda.
- Þau bíða´ eftir betra skýli
barni sínu til handa.

Þá kemur þú með þín kerti,
kveikir við jötuna lágu
og réttir fram hreina og hlýja
höndina þína smáu.

Og bláeyga jólabarnið
þú berð inn í vöggu þína.
Og allir englarnir syngja
og allar stjörnurnar skína.

Ó, guð! Það er gaman að vera
góða barnið – og finna
allan hinn undursamlega
yndisleik jóla þinna.



Það snjóar

Erlent lag/Bragi Valdimar Skúlason

Nú held ég heim á ný
þó heldur sé hann kaldur
og þó bæti bylinn í
og bíti frostið kinnar mér sem kaldur.

Nú held ég heim á leið
þó heldur sé hann napur
og þó gatan enn sé greið
þá geng ég hana ofurlítið dapur.
Því það snjóar
í hjarta mér það snjóar bara og snjóar.

Samt held heilög jól
þó harðir blási vindar
þá rís æ úr austri sól
sem allar sorgir blindar,
núna held ég heim til þín
uns hrímhvít fönnin felur sporin mín.

Ég geng um hjarnið ofurlítið dapur
því það snjóar
í hjarta mér það snjóar bara og snjóar.

Samt held heilög jól
þó harðir blási vindar
þá rís æ úr austri sól
sem allar sorgir blindar,
núna held ég heim til þín
uns hrímhvít fönnin
felur sporin mín.

Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Eldri nemendur



Ég sá mömmu kyssa jólasvein
Erlent lag/Hinrik Bjarnason

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
við jólatréð í stofunni í gær.
Ég læddist létt á tá
til að líta gjafir á,
hún hélt ég væri steinsofandi Stínu
dúkku hjá.

Og ég sá mömmu **kitla** jólasvein
og jólasveinninn út um skeggið hlær.
Já, sá hefði hlegið með
hann faðir minn, hefði hann séð
mömmu kyssa jólasvein í gær.

Nú minnir svo ótal margt á jólin
Meredith Willson/Jónas Friðrik Guðnason

Nú minnir svo ótal margt á jólin,
sama hvar ég fer.
Í búðum er ys og ös
að aukast ég líka sé
á ýmsum stöðum falleg jólatré.

Já, nú minnir svo ótal margt á jólin,
hvert sem litið er.
En tilhlökkun allra berst
sem alltaf finnst mér best
er í augum þér.

Og veit um gamlan jólasvein sem arkar
út í snjó
og athugar hvort góðu börnin sofi í friði
og ró,
að einhver á í poka til að hlakka' í lítinn
skó.

Nú minnir svo ótal margt á jólin,
sama hvar ég fer
Nú hljóma þau ljúfu lög
sem laða fram jólablæ
og ljósadýrðin skreytir sérhvern bæ.

Nú minnir svo ótal margt á jólin,
hvert sem litið er.
En jólin þá allra best
ég alltaf þrái mest sem ég á með þér.

Já, nú minnir svo ótal margt á jólin,
hvert sem litið er.
En jólin þá allra best
ég alltaf þrái mest sem ég á með þér.

Nú minnir svo ótal margt á jólin
jólin, jólin, jólin, jólin.



Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Eldri nemendur

Snowman
Sia

Don't cry, snowman, not in front of me
Who'll catch your tears if you can't catch me, darling?
If you can't catch me, darling

Don't cry, snowman, don't leave me this way
A puddle of water can't hold me close, baby
Can't hold me close, baby

I want you to know that I'm never leaving
'Cause I'm Mrs. Snow, 'til death we'll be freezing, yeah
You are my home, my home for all seasons
So come on, let's go

Let's go below zero, and hide from the sun
I'll love you forever, where we'll have some fun
Yes, let's hit the North Pole and live happily
Please don't cry no tears now, it's Christmas, baby

My snowman and me, eh
My snowman and me
Baby

Don't cry, snowman, don't you fear the sun
Who'll carry me without legs to run, honey?
Without legs to run, honey

Don't cry, snowman, don't you shed a tear
Who'll hear my secrets if you don't have ears, baby?
If you don't have ears, baby

I want you to know that I'm never leaving
'Cause I'm Mrs. Snow, 'til death we'll be freezing, yeah
You are my home, my home for all seasons
So come on, let's go

Let's go below zero, and hide from the sun
I'll love you forever, where we'll have some fun
Yes, let's hit the North Pole and live happily
Please don't cry no tears now, it's Christmas, baby

My snowman and me, eh
My snowman and me
Baby



Samsöngur á aðventu í Melaskóla 2026
Eldri nemendur

Melaskólajól

Lag: Snorri Pétur Eggertsson
Texti: Snorri Pétur Eggertsson og Svava María Þórðardóttir

Melaskólajól

Það eru væringar í loftinu, hin vinalegu ljós
sem veita innri yl er vatnið frýs.

Með frið í sál og sinni, hjá frostsins köldu rós,
framar vonum verða börnin vís.

Við jólasveina Jóhannesar æfum út í eitt
og jólaleikrit efsta bekkjar með.
Og helgileikinn þyljum, já hér er engu breytt,
hallejúja', ég batterí brátt hleð.

Í Melaskóla' í jólafíling,
í Meló finn ég gleði og frið.
Í Meló allt er fært í stílinn,
já, Meló færir mér gæfuríka tíð.

Melaskólajól

Undir norðurljósabjarmanum er nostalgían góð,
svo notalegt er frímínútum í.
Já, desember er strembinn, hann dreyma börnin hljóð,
svo dásamlegt - það er að koma frí!

Er koma' upp jólaljósin, þá kætast börn og menn,
nú kviknar gleði hjörtum okkar í.
Við gleymum þeim þó ekki, er þrautin þjakar enn,
þau þrá að sólin rísi senn á ný.

:,:Í Melaskóla' í jólafíling,
í Meló finn ég gleði og frið.
Í Meló allt er fært í stílinn,
já, Meló færir mér gæfuríka tíð.:,:

Melaskólajól - Gleðileg jól!

